

Ár 2014, fimmtudaginn 16. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kolbeini H. Stefánssyni, Rannveigu Sigurðardóttur og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða eingreiðslu til þeirra sem undir kjararáð heyra

I.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð skal kjararáð taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til. Samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðherra og ríkisstarfsmanna og síðara samkomulagi milli aðila um breytingar á þeim samningum, skal greiða starfsmönnum ríkisins 38.000 króna eingreiðslu þann 1. febrúar 2014.

Með hliðsjón af framangreindu ákveður kjararáð að greiða skuli eingreiðslu eins og í ákvörðunarorði segir.

II.

Ákvörðunarorð

Þann 1. febrúar 2014 skal greiða þeim sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra 38.000 króna eingreiðslu miðað við fullt starf í nóvember 2013. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson

Rannveig Sigurðardóttir

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson